

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-06	K/S 29.12.17
Ábm.	Svfr.
Afgr. Jónsson	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bt. Kristófer Tómasson, sveitarstjóri
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík 21. desember 2017
Tilvísun: 201712010 / 0.6.2

Efni: Kostnaðarframlag vegna aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur, með erindi dags. 12. desember 2017 (innk. 21. des.), óskað eftir kostnaðarframlagi úr Skipulagssjóði vegna aðalskipulagsgerðar skv. 18. gr. skipulagslaga. Fram kemur að heildarkostnaður við verkefnið sé áætlaður kr. 7.000.000 án virðisaukaskatts.

Meðfylgjandi er samningur sveitarfélagsins við Steinsholt og EFLU ehf. dags. 26. febrúar 2016 ásamt fylgiskjölum, Verðkönnun vegna endurskoðunar dags. október - nóvember 2015 og Tilboð Steinsholts sf og EFLU ehf. dags. 26. nóvember 2015, sem eru hluti samnings.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða verk- og kostnaðaráætlun og er fallist á að framlag úr Skipulagssjóði verði kr. 3.500.000. Framlag úr Skipulagssjóði greiðist í þremur hlutum, 1/3 þegar tillaga hefur verið kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga, 1/3 þegar fyrir liggur samþykkt tillaga að aðalskipulagi sem send hefur verið til athugunar Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 30. gr. og 1/3 þegar tillaga hefur verið send til staðfestingar Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 32. gr. laganna.

Skipulagsstofnun þarf að berast reikningur til greiðslu hvers kostnaðarframlagshluta í samræmi við framvindu verksins. Hafi greiðslur ekki verið innheimtar innan 3ja ára frá dagsetningu þessa bréfs þarf sveitarfélagið að leita eftir samþykki á kostnaðarframlagi að nýju.

Í fylgiskjali A með samningi segir: „Skipulagsráðgjafi ber einn ábyrgð á að verkefnið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og staðla.“ Vegna þessa orðalags bendir Skipulagsstofnun á að sveitarstjórn ber ábyrgð á að skipulagsgerðin, málsmeðferðin og afgreiðsla skipulagsáætlunar uppfylli ákvæði skipulagslaga og annarra laga sem varða viðfangsefni skipulagsgerðarinnar. Eðlilega þarf skipulagsráðgjafi þó að vinna samkvæmt þeim lagaramma sem gildir um skipulagsgerðina og hafa þekkingu þar að lútandi.


Hafdis Hafliðadóttir

